



Skipulagsnefnd –15.02.2016

21. fundur

15. febrúar 2016 kl. 13:00-14:00

Fundarstaður: Hótel Reyhlið.

Fundarmenn:

Helgi Héðinsson, formaður

Birgir Steingrímsson

Guðrún Brynleifsdóttir

Pétur Snæbjörnsson

Selma Ásmundsdóttir

Starfsmenn:

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

Dagskrá:

1. *Hofsstaðir. Tillaga að deiliskipulagi.*
2. *Vikraborgir við Öskju. Tillaga að deiliskipulagi.*
3. *Vogajörðin. Tillaga að deiliskipulagi sameignarlands.*
4. *Reykjahlíð 4. Umsókn um stofnun lóðar.*

1. **Hofsstaðir. Tillaga að deiliskipulagi.** S20151101

Tekið er fyrir að nýju erindi dags 26. nóvember 2015 frá Ástu Hermannsdóttur f.h. Minjastofnunar Íslands þar sem sótt er um heimild skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 til að láta vinna deiliskipulag af gamla bæjarstæði Hofstaða og næsta nágrennis þess á kostnað M.Í. skv. meðfylgjandi skipulagslýsingu, *Skipulagslýsing í nóvember 2015* frá Teiknistofu Norðurlands. Megnið af svæðinu verður skilgreint sem minjaverndarsvæði en gert verður ráð fyrir að tún verði nýtt á sama hátt og verið hefur.

BR
H.H.

Sveitarstjórn heimlaði umsækjanda þann 15. desember s.l. að láta vinna deiliskipulag á sinn kostnað skv. framkominni skipulagslýsingu sem skipulags- og byggingarfulltrúa leitaði umsagnar um hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynnti fyrir almenningi eins og 3. mgr. 40. gr. skipulagлага nr. 123/2010 mælir fyrir um frá og með 7. janúar til og með 28. janúar 2015.

Athugasemdir/umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun, Vegagerðinni og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra.

Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að koma innsendum athugasemdum/umsögnum á framfæri við umsækjanda og skipulagsráðgjafa með tilmælum um að tekið verði efnislega tillit til þeirra eins og kostur er við gerð deiliskipulagsins.

2. Vikraborgir við Öskju. Tillaga að deiliskipulagi. S20151201

Tekið fyrir að nýju erindi dags. 2. desember frá Einari E. Sæmundsen f.h. Vatnajökulspjöldgarðs þar sem sótt er um heimild skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 til að láta vinna deiliskipulag af áningarstað í Vikraborgum við Öskju á kostnað VJB skv. meðfylgjandi skipulagslýsingu, *Skipulagslýsing í nóvember 2015 frá Landmótun sf.*

Sveitarstjórn heimlaði umsækjanda þann 15. desember s.l. að láta vinna deiliskipulag á sinn kostnað skv. framkominni skipulagslýsingu sem skipulags- og byggingarfulltrúa leitaði umsagnar um hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynnti fyrir almenningi eins og 3. mgr. 40. gr. skipulagлага nr. 123/2010 mælir fyrir um frá og með 7. janúar til og með 28. janúar 2015.

Athugasemdir/umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Forsætisráðuneytinu, Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun, Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og Veðurstofu Íslands.

Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að koma innsendum athugasemdum/umsögnum á framfæri við umsækjanda og skipulagsráðgjafa með tilmælum um að tekið verði efnislega tillit til þeirra eins og kostur er við gerð deiliskipulagsins.

3. Vogajörðin. Deiliskipulag sameignarlands. S20151002

Tekið fyrir að nýju erindi dags. 2. desember frá Jóhanni Kristjánssyni f.h. landeigenda Voga þar sem sótt er um heimild skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 til að láta vinna deiliskipulag af sameignarlandi Vogajarðarinnar á kostnað landeiganda skv. meðfylgjandi skipulagslýsingu,
ÓSKIPT LAND VOGA, SKÚTUSTAÐAHREPPI SKIPULAGSLÝSING V/DEILISKIPULAGS DESEMBER 2015 frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf.

Sveitarstjórn heimlaði umsækjanda þann 15. desember s.l. að láta vinna deiliskipulag á sinn kostnað skv. framkominni skipulagslýsingu sem skipulags- og byggingarfulltrúa leitaði umsagnar um hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynnti fyrir almenningi eins og 3.

B.R.
H.H.

mgr. 40. gr. skipulagлага nr. 123/2010 mælir fyrir um frá og með 7. janúar til og með 28. janúar 2015.

Athugasemdir/umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun, Vegagerðinni, og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra.

Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að koma innsendum athugasemdum/umsögnum á framfæri við umsækjanda og skipulagsráðgjafa með tilmælum um að tekið verði efnislega tillit til þeirra eins og kostur er við gerð deiliskipulagsins.

4. Reykjahlíð 4. Umsókn um stofnun lóðar.

S20160203

Ódagsett erindi frá Sigurði Baldurssyni, Reykjahlíð 4, þar sem hann sækir um heimild til að stofna sérstaka 4.286 m² íbúðarhúsaloð undir núverandi íbúðarhús út úr jörðinni Reykjahlíð 4. Fylgigögn með umsókn eru hnitsettur lóðaruppdráttur frá Búgarði og útfyllt eyðublað F-550 frá Þjóðskrá.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarinnar og leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt. Jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að stofna lóðina í fasteignagrunni Þjóðskrár

Fundi slitið.

Helsi Keldis

Selma Þorsteinsdóttir

Andriás Brylák

Briggi Steingrímsson

Pjetur Jónsson